

**Efni bréfs heilbrigðisráðuneytisins 1. febrúar 2008 til
heilbrigðisnefnda sveitarfélaga,
Vinnueftirlitsins, Flugmálastjórnar og Siglingamálastofnunar, lögregluembætta,
Umhverfisstofnunar, Lýðheilsustöðvar o.fl.:**

“Með hliðsjón af umræðu í Þjóðfélaginu og ósk Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar vill ráðuneytið upplýsa hvernig eftirliti með framkvæmd tóbaksvarnalaga er háttað og hvaða eftirlits- og þvingunarúrræði séu til staðar sé brotið gegn ákvæðum III. kafla tóbaksvarnalaga, um takmarkanir á tóbaksreykingum.

Helstu reglur tóbaksvarnalaga um takmarkanir á tóbaksreykingum.

Húsakynni sem almenningur hefur aðgang að – algjört reykingabann.

Sé um að ræða húsakynni sem almenningur hefur aðgang að er meginregla laganna einföld og skýr. Reykingar í slíkum húskynnum eru alfarið bannaðar. Á þetta jafnt við um húsakynni stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka, þar á meðal veitinga- og skemmtistaði, sbr. 9. gr. tóbaksvarnalaga og 6. gr. reglugerðar nr. 326/2007, um takmarkanir á tóbaksreykingum.

Vinnustaðir og vinnurými sem almenningur hefur ekki aðgang að – heimild fyrir reykingaafdreppum.

Meginregla laganna er að reykingar eru óheimilar á vinnustöðum. Þó er heimilt að hafa sérstakt afdrepp fyrir tóbaksreykingar, enda hafi almenningur ekki aðgang að þeim. Heimild þessi gildir jafnt fyrir stofnanir, að frátöldum heilbrigðisstofnunum og skólum, þ.e. leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum, og fyrirtæki, sbr. 10 -12. gr. laganna og 8. gr. reglugerðarinnar.

Útisvæði – tóbaksreykingar heimilaðar með ákveðnum takmörkunum.

Meginreglan er sú að tóbaksreykingar séu heimilaðar á útisvæðum. Þó eru sett tiltekin skilyrði um hámarkslokun útisvæða, sbr. 4. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Eftirlitsstjórnvöld

Eftirlit með því að framangreind ákvæði tóbaksvarnalaga m.a. séu virt er í höndum eftirtalinna stjórnvalda:

- Heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.
- Vinnueftirlits ríkisins.
- Siglingastofnunar.
- Flugmálastjórnar.
- Lögreglu.

Verkaskipting milli eftirlitstjórnvalda og eftirlitsúrræði þeirra.

Um verkaskiptingu og valdmörk milli framangreindra stjórnvalda og eftirlitsúrræði þeirra fer samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem um þessar stofnanir gilda og reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 326/2007, um takmarkanir á tóbaksreykingum.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga

Hafa almennt eftirlit með því að virt séu ákvæði III. kafla tóbaksvarnalaga. Þessu eftirliti ber þeim að sinna að eigin frumkvæði en viðskiptavinir eða skjólstaðingar stofnunar eða fyrirtækis, þar með taldir gestir veitinga- og skemmtistaða, geta jafnframt beint kvörtun til heilbrigðisnefnda sveitarfélaga telji þeir að ákvæði laganna séu brotin. Um eftirlit og eftirlitsúrræði heilbrigðisnefnda gilda ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. ákvæði 18. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir. Samkvæmt þessum lögum geta heilbrigðisnefndir gripið til eftirtalinna úrræða sé brotið gegn framangreindum ákvæðum tóbaksvarnalaga:

- Veitt áminningu.
- Veitt áminningu og frest til úrbóta.
- Beitt dagsektum.
- Svipt starfsleyfi.

Vinnueftirlit ríkisins

Hefur eftirlit með því að starfsmenn, hvort sem það eru starfsmenn stofnana, veitinga- og skemmtistaða eða annarra fyrirtækja fái notið réttar síns til reyklauss andrúmslofts innan dyra á vinnustað sínum. Þessu eftirliti ber Vinnueftirlitinu að sinna að eigin frumkvæði en jafnframt getur starfsmaður sem telur á rétti sínum brotið beint kvörtun til Vinnueftirlits ríkisins. Um eftirlit og eftirlitsúrræði Vinnueftirlits ríkisins gilda ákvæði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. 18. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir. Samkvæmt þessum lögum getur Vinnueftirlitið gripið til eftirtalinna úrræða sé brotið gegn rétti starfsmanns til reyklauss andrúmslofts á vinnustað samkvæmt ákvæðum tóbaksvarnalaga:

Getur krafist úrbóta og lagfæringa á ólögmatu ástandi.

Getur beitt dagsektum ef úrbótum er ekki sinnt

Er heimilt að stöðva vinnu eða loka starfsemi ef úrbótum er ekki sinnt.

Siglingastofnun Íslands

Hefur tiltekið eftirlit með því að virt séu ákvæði III. kafla tóbaksvarnalaga um borð í skipum. Um eftirlit Siglingastofnunar Íslands gilda ákvæði laga nr. 35/1985, um Siglingastofnun Íslands, og önnur lög á sviði siglingamála, sbr. 18. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Flugmálastjórn Íslands

Hefur tiltekið eftirlit með því að virt séu ákvæði III. kafla tóbaksvarnalaga um borð flugvélum. Um eftirlit Flugmálastjórnar gilda ákvæði laga nr. 100/2006, um Flugmálastjórn Íslands, og eftir atvikum önnur lög á sviði flugmála, sbr. 18. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Lögregla

Hefur almennt eftirlit með því að landslög séu virt þar á meðal ákvæði laga um tóbaksvarnir. Um eftirlit lögreglu gilda ákvæði lögreglulaga nr. 90/1996, lög nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og önnur lög eftir því sem við á, þar á meðal ákvæði tóbaksvarnalaga, ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og ákvæði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Um eftirlit lögreglu með veitinga- og skemmtistöðum gilda jafnframt ákvæði laga nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, en samkvæmt 3. mgr. 15. gr. þeirra laga er lögreglu heimilt að svipta leyfishafa rekstrarleyfi verði hann uppvís að því að misnota rekstrarleyfið eða vanrækja skyldur sem á honum hvíla samkvæmt lögum eða öðrum lögum, þar með talið lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir. Ber framangreindum eftirlitsstjórnvöldum samhliða beitingu þeirra úrræða sem þau hafa að tilkynna lögreglu um það verði þau þess áskynja að brotið sé gegn ákvæðum tóbaksvarnalaga.

Skyldur eiganda og rekstraraðila húsnæðis sem almennings hefur aðgang að

Ber að hafa eftirlit með því að reykingabann tóbaksvarnalaga sé virt á stöðunum. Brjótí einstaklingur gegn reykingabanninu ber að beina tilmælum til hans um að láta af reykingum. Sé slíkum tilmælum ekki sinnt er veitingamanni rétt að vísa viðskipavini út af staðnum. Hliti viðskipavinar ekki slíkum tilmælum er veitingamanni rétt að kæra viðkomandi til lögreglu og getur viðkomandi þá átt yfir höfði sér sektarviðurlög.

Tilvísun 1. mgr. 18. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, er fullnægjandi.

Í umræðu um reykingabann tóbaksvarnalaga á veitinga- og skemmtistöðum hefur verið dregið í efa að tilvísun 1. mgr. 18. gr. tóbaksvarnalaga sé fullnægjandi en ákvæðið er svohljóðandi:

„Heilbrigðisnefndir, Vinnueftirlit ríkisins, Siglingastofnun Íslands og Flugmálastjórn hafa, eftir því sem við á, eftirlit með því að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara í samræmi við þau lög sem gilda um þessar stofnanir. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlitsins“

Almennt

Samkvæmt ákvæðinu er eftirliti með því að ákvæði III. kafla tóbaksvarnalaga séu virt lagt í hendur þeirra stjórnvalda sem talin eru upp í ákvæðinu en auk þess fer lögregla með eftirlit eins og að framan greinir. Þá segir í ákvæðinu að um eftirlitið fari samkvæmt þeim lögum sem gilda um þessar stofnanir.

Forsaga ákvæðisins

Framangreint ákvæði 1. mgr. 18. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, á rót sína að rekja til eldri laga um tóbaksvarnir nr. 74 frá árinu 1984, sbr. 18. gr. þeirra laga en þar var ákvæðið svohljóðandi:

„Heilbrigðisnefndir og Vinnueftirlit ríkisins fylgjast með því eftir því sem við á að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara og skal þá farið skv. ákvæðum laga nr. 50/1981 og laga nr. 46/1980.“

Í nefndaráli heilbrigðis- og trygginganefndar er ekki að finna nánari skýringar á þessu ákvæði en því var bætt við lögum að tillögu nefndarinnar. Sé hins vegar litið til orðalags ákvæðisins verður það að teljast skýrt að gert hafi verið ráð fyrir að farið væri eftir ákvæðum annars vegar eldri laga nr. 50/1981, um hollustuhætti, og hins vegar ákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, við framkvæmd eftirlitsins. Nær tilvísunin augljóslega til allra ákvæða laganna, en ekki bara sumra, þar á meðal ákvæða þeirra um eftirlitsúrræði enda væri tilvísunin að mestu innihaldslaus ella og vandséð hvernig viðkomandi stjórnvöldum ætti að vera unnt að sinna hlutverki sínu og gæta þess að virt væru ákvæði laganna.

Með lögum nr. 101/1996, um breytingu á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, var ákvæði 18. gr. laganna breytt í það horf sem það er nú í og rakið er að framan. Í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga sagði svo um þessa breytingu:

„Hér er eftirlitsaðilum fjölgað og eftirlit falið Siglingastofnun ríkisins og Flugmálastjórn auk heilbrigðisnefnda og Vinnueftirlits ríkisins eins og nú. Nauðsynlegt er talið að ráðherra setji nánari ákvæði um framkvæmd eftirlitsins, m.a. um verkaskiptingu aðila.“

Af framangreindum athugasemdum er ljóst að með breytingu á ákvæðinu var einungis ætlunin að fjölga eftirlitsstjórnvöldum en samhliða þeirri breytingu var talið nauðsynlegt að kveða nánar á um verkaskiptingu þessara eftirlitsaðila í reglugerð.

Af breytingunni verður því ekki dregin sú ályktun að með henni hafi staðið til að draga úr eða takmarka heimildir heilbrigðisnefnda sveitarfélaga eða Vinnueftirlits ríkisins til að bregðast við brotum á tóbaksvarnalögum enda verður sú ályktun með engum hætti dregin af þeirri orðalagsbreytingu sem gerð var.

Niðurstaða

Það er því skýr afstaða heilbrigðisráðuneytisins að tilvísun 1. mgr. 18. gr. tóbaksvarnalaga sé fullnægjandi og veiti eftirlitstjórnvöldum sem þar eru talin upp heimildir til að beita þeim eftirlitsúrræðum sem kveðið er á um, þeim lögum sem gilda um þessar stofnanir og rakin eru hér að framan.

Tilmæli heilbrigðisráðuneytisins.

Í samræmi við framangreint beinir ráðuneytið því til eftirlitstjórnvalda að bregðast við brotum á tóbaksvarnalögum í samræmi við heimildir sínar að lögum.

Þá beinir ráðuneytið því sérstaklega til heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og Vinnueftirlits ríkisins að þau tilkynni lögreglu um öll brot sem þau verða áskynja um við framkvæmd eftirlits með því að virt séu ákvæði tóbaksvarnalaga.”